



Seðlabanki Íslands
Unnur Gunnarsdóttir, varaseðlabankastjóri fjármálaeftirlits
Kalkofnsvegi 1
101 Reykjavík

Hús atvinnulífsins, 21. júlí 2020

Efni: Afskipti stjórnar VR að Lífeyrissjóði verzlunarmanna

Í ljósi fréttu af fyrirhuguðum afskiptum VR að ákvarðanatöku stjórnar Lífeyrissjóðs verzlunarmanna (hér eftir *sjóðurinn*) telja Samtök atvinnulífsins nauðsynlegt að koma eftirfarandi atriðum á framfæri.

1. Laga- og regluhverfi

1.1 Lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða

Í 2. mgr. 1. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða (hér eftir *lögin*) segir að með lífeyrissjóði sé átt við félag eða stofnun sem veitir viðtöku iðgjaldi til greiðslu lífeyris vegna elli til æviloka, örorku eða andláts samkvæmt nánari ákvæðum í lögnum. Í 1. mgr. 20. gr. laganna segir að starfsemi lífeyrissjóðs skuli lúta að móttöku, varðveislu og ávöxtun iðgjalda og greiðslu lífeyris. Í 1. másl. 2. mgr. sömu greinar segir að lífeyrissjóður skuli ekki hafa með höndum aðra starfsemi en þá sem nauðsynleg er til að ná þeim tilgangi er um ræðir í 2. mgr. 1. gr. og 1. mgr. þeirrar greinar.

1.2 Samþykktir sjóðsins

Í 1. tölul. 2. mgr. 27. gr. laganna segir að samþykktir lífeyrissjóðs skuli m.a. kveða á um hlutverk sjóðsins. Í 5. tölul. sömu mgr. segir að samþykktir lífeyrissjóðs skuli m.a. kveða á um hlutverk stjórnar og hvernig vali þeirra skuli háttað. Í grein 2.1 samþykktanna (hér eftir *samþykktirnar*) Lífeyrissjóðs verzlunarmanna sem tóku gildi 1. september 2019 segir að hlutverk sjóðsins sé að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri.

Í grein 2.3 samþykktanna segir að sjóðurinn starfi skv. lögnum. Í 2. másl. greinar 5.1 samþykktanna segir að fjórir stjórnarmenn í sjóðnum skuli tilnefndir af VR, þrír af Samtökum atvinnulífsins og einn af Félagi atvinnurekenda. Ekki er kveðið nánar um hvernig val stjórnarmanna skuli fara fram eða afturköllun á umboði þeirra.

1.3 Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja

Í grein 5.9 samþykktanna segir að stjórn skuli í störfum sínum taka mið af leiðbeiningum um stjórnarhætti eftir því sem við á m.t.t. starfsemi sjóðsins. Í 2. másl. greinar 5.10 samþykktanna og 3. másl. greinar 2.1 í 5. útgáfu leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja frá maí 2015 (hér eftir *leiðbeiningar*) segir að stjórn sjóðsins skuli stuðla að viðgangi sjóðsins og langtímaárangri. Í grein 2.3 í leiðbeiningunum segir að til að stuðla að því að stjórnin vinni að

hagsmunum félagsins og allra hluthafa skuli gæta að óhæði stjórnarmanna gagnvart félaginu, stjórnendum þess og stórum hluthöfum. Í þessu tilfalli er félagið sjóðurinn, hluthafar sjóðsfélagar og stórir hluthafar þeir aðilar sem tilnefna stjórnarmenn.

Í 1. mgr. greinar 3.2.1 í leiðbeiningunum segir að stjórnarmenn skuli taka sjálfstæðar ákvarðanir í hverju máli fyrir sig, enda eiga þau ekki sérstaklega að gæta hagsmuna þeirra aðila sem studdu þau til stjórnarsetu.

1.4 Starfsreglur stjórnar sjóðsins

Skv. 3. másl. 1. mgr. 29. gr. laganna og 2. másl. greinar 5.9 samþykktanna skal stjórn setja sér starfsreglur. Í 1. mgr. greinar 1.2 starfsreglna stjórnar og framkvæmdastjóra sjóðsins frá 21. nóvember 2019 (hér eftir *starfsreglurnar*) skal stjórnarmaður taka ákvörðun í samræmi við sannfæringu sína, gildandi lög og reglur, með þeim hætti að hagsmunum sjóðfélaga sé sem best gætt og að ákvörðunin styðji við tilgang og starfsemi sjóðsins. Í d-lið greinar 4.1 starfsreglnanna kemur fram að stjórnarmenn skuli í störfum sínum taka sjálfstæðar ákvarðanir í hverju máli fyrir sig.

1.5 Eftirlit

Í 1. másl. 1. mgr. 44. gr. laganna segir að Fjármálaeftirlitið hafi eftirlit með að starfsemi lífeyrissjóða sé í samræmi við ákvæði laganna og staðfestar samþykktir lífeyrissjóða. Skv. 1. másl. 4. mgr. 2. gr. laga um Seðlabanka Íslands nr. 92/2019 (hér eftir *seðlabankalög*) fer Seðlabankinn með þau verkefni sem Fjármálaeftirlitinu eru falin í lögum og er Fjármálaeftirlitið hluti af Seðlabankanum. Í 4. mgr. 44. gr. segir að ef Fjármálaeftirlitið telji að starfsemi lífeyrissjóðs brjóti gegn ákvæðum laganna og staðfestum samþykktum lífeyrissjóða eða sé að öðru leyti **óeðlileg**, óheilbrigð eða ótraust getur það veitt viðkomandi sjóði hæfilegan frest til úrbóta. Í 1. másl. 55. gr. laganna segir að brot gegn þeim varði sektum eða fangelsi allt að einu ári. Í 2. másl. sömu greinar segir að sé brot framið í þágu lögaðila sé heimilt að beita stjórnendur lögaðilans framangreindum viðurlögum og einnig að gera lögaðilanum sekt.

2. Málsatvik

2.1 Árið 2019

Hinn 20. júní 2019 sendi fulltrúaráð VR frá sér yfirlýsingu þar sem greint var frá því það hefði afturkallað umboð stjórnarmanna VR í stjórn stjórnarmanna og samþykkt tillögu um nýja stjórnarmenn til bráðabirgða. Var það gert vegna samþykktar stjórnar sjóðsins um ákvörðun breytilegra vaxta verðtryggðra sjóðfélagalána sem stjórn og fulltrúaráð VR voru ósammála um.¹

Í kjölfar þess sendi Fjármálaeftirlitið hinn 3. júlí 2019 dreifibréf til lífeyrissjóða varðandi umboð stjórnarmanna (hér eftir *dreifibréfið*). Þar segir að samþykktir lífeyrissjóða séu almennt hljóðar um hvort, og þá við hvaða aðstæður, sé mögulegt að afturkalla umboð

¹ <https://www.vr.is/frettir/umbod-stjornarmanna-vr-i-lifeyrissjodi-verzlunarmanna-afturkallad/>

stjórnarmanna. Óskýrar samþykktir hvað þetta varðar geri ferli við val og mögulega afturköllun á umboði stjórnarmanna ógagnsætt. Góðir stjórnarhættir séu mikilvægir í starfsemi lífeyrissjóða og sé víða fjallað um þá, m.a. í lögnum, samþykktum, starfsreglum stjórnna og stjórnarháttaryfirlýsingum margra lífeyrissjóða. Í ljósi ofangreindrar ákvörðunar VR, mismunandi aðferða lífeyrissjóða við val á stjórnarmönnum og til að koma í veg fyrir óvissu til framtíðar, beindi Fjármálaeftirlitið því til stjórnna lífeyrissjóða að taka samþykktir sínar til skoðunar í þeim tilgangi að skýra hvort og þá við hvaða aðstæður umboð stjórnarmanna verði afturkallað. Að mati Fjármálaeftirlitsins væri við skoðunina nauðsynlegt að taka mið af sjónarmiðum um góða stjórnarhætti og tryggja að sjálfstæði stjórnna lífeyrissjóða yrði ekki skert.²

Stjórn sjóðsins hefur ekki tekið slíkt ákvæði upp í samþykktum sínum.

2.2 Árið 2020

Hinn 17. júlí sendi stjórn VR frá sér yfirlýsingu vegna málefna Ícelandair. Þar er þeim tilmælum beint til þeirra stjórnarmanna sem VR skipar í stjórn sjóðsins að sniðganga eða greiða atkvæði gegn þátttöku í væntanlegu hlutafjárútbóði Ícelandair. Er það gert vegna óánægju stjórnar VR með það hvernig Ícelandair hafi staðið að kjaraviðræðum við Flugfreyjufélag Íslands (hér eftir *FFÍ*).³ Í viðtali við Fréttablaðið sama dag sagði formaður VR aðspurður hvað gerist ef stjórnarmenn VR í sjóðnum fari ekki eftir tilmælum stjórnar VR að þeim verði einfaldlega skipt út eins og gert hafi verið ekki alls fyrir löngu.⁴ Í viðtali við sama blað sama dag sögðu þér ofangreint vera „algjörlega **óeðlilegt** og ófaglegt“.⁵

3. Niðurstaða

Með kjaraviðræðum við FFÍ var Ícelandair að reyna að búa flugfreyjum sambærileg starfskilyrði og tíðkast í nágrannalöndum okkar eins og bæði Félag íslenskra atvinnuflugmanna og Flugvirkjafélag Íslands hafa fallist á. Með því er verið að reyna að tryggja samkeppnishæfni félagsins og standa þannig vörð um fjölda starfa hjá félaginu, og afleidd störf, sem mörg hver eru unnin af sjóðsfélögum í sjóðnum.

Með yfirlýsingu sinni frá 17. júlí er stjórn VR að reyna að taka beina stjórn á sjóðnum og þeim fyrirtækjum sem hann er hluthafi í þvert á lög, reglur og góða stjórnarhætti. Virðist þetta nú vera orðinn árviss viðburður. Samkvæmt lögum og eðli máls er sjóðurinn ekki í eigu eða undir stjórn VR heldur er hann til fyrir sjóðsfélaga hans og er stjórnað af stjórnarmönnum sem eiga að vera sjálfstæðir í störfum sínum gagnvart öllum, þar á meðal þeim sem tilnefna þau í stjórn, og fara að öllum lögum og reglum. Með yfirlýsingunni sýnir VR yður og Seðlabankanum algera lítilsvirðingu og lætur varnaðarorð yðar sem vind um eyru þjóta.

² <https://www.fme.is/media/frettir/Umbod-stjornarmanna-03072019.pdf>

³ <https://www.vr.is/frettir/yfirlýsing-fra-stjorn-vr-vegna-malefna-icelandair/>

⁴ <https://www.frettabladid.is/frettir/skipta-ut-stjornarmonnum-sem-ekki-hlyta-vilja-vr/>

⁵ <https://www.frettabladid.is/frettir/oedlilegur-og-ofaglegur-thrystingur-hja-verkalydsfelogunum>

Það er augljóst að afskipti af kjaraviðræðum fellur ekki að tilgangi sjóðsins skv. lögnum og samþykktunum og að honum er ekki heimilt að taka fjárfestingaákvæðanir á slíkum grundvelli, enda færi það augljóslega í bága við hagsmuni sjóðsfélaga. Það er því ljóst að með yfirlýsingum sínum eru stjórn og formaður VR að gera tilraun til að brjóta gegn:

- a) 1. másl. 2. mgr. 20. gr. laganna.
- b) Grein 2.1 samþykktanna.
- c) Grein 2.3 samþykktanna.
- d) 4. másl. greinar 5.9 samþykktanna, sbr. 3. másl. greinar 2.1, grein 2.3 og 1. mgr. greinar 3.2.1 leiðbeininganna.
- e) 2. másl. greinar 5.10 samþykktanna.
- f) 1. mgr. greinar 1.2 starfsreglnanna
- g) D-lið greinar 4.1 starfsreglnanna.

Verði stjórnarmennirnir við tilmælunum hafa þeir gerst brotlegir við sömu ákvæði. Þá er ljóst að þeir aðilar sem skipa stjórnarmenn í sjóðnum hafa ekki heimild til að afturkalla það, enda hefur ákvæði um það ekki verið tekið upp í samþykktir sjóðsins í samræmi við dreifibréfið.

Í ljósi 1. másl. 1. mgr. 44. gr. laganna, sbr. 4. mgr. 2. gr. seðlabankalaga ætti Seðlabanki Íslands að krefjast úrbóta á grundvelli 4. mgr. 44. gr.

Er þess óskað að Seðlabankinn grípi til tafarlausra aðgerða, umfram almenn tilmæli til hagsmunaaðila almennt, til að standa vörð um sjálfstæði sjóðsins og hag sjóðsfélaga og þannig tryggja að faglega verði staðið að fjárfestingaákvörðunum í sambandi við hlutfjárútboð Icelandair.

Virðingarfyllst
f.h. Samtaka atvinnulífsins



Eyjólfur Árni Rafnsson
Formaður



Halldór Benjamín Þorbergsson
framkvæmdastjóri

Afrit: Lífeyrissjóður verzlunarmanna
B.t. stjórnar
Kringlunni 7
103 Reykjavík